

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hollvini AFS á Íslandi.

1. gr.

Heiti og stofnsetning.

Með skipulagsskrá þessari stofnsetja samtökin AFS á Íslandi auk fleiri stofnaðila sem fram koma í skipulagsskrá þessari sjálfseignarstofnun, sem ber heitið „Hollvinir AFS á Íslandi“.

2. gr.

Heimili.

Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé.

Stofnfé er kr. 50.936.000.

Fjárhagur stofnunarinnar er myndaður að tilhlutan AFS á Íslandi, kt. 630975-0269, með óendurkræfu stofnframlagi samtakanna að upphæð kr. 50.000.000, auk stofnframlaga frá hollvinum stofnunarinnar eins og nánar greinir hér að neðan:

Kennitala	Nafn	Framlag kr.
1 021184-2339	Ragnar Þorvarðarson	36.000
2 140554-2279	Þorvarður Gunnarsson	36.000
3 270254-3149	Pétur Þ. Pétursson	36.000
4 171065-5189	Hjördís Vilhjálmsdóttir	36.000
5 090466-2919	Linda Björk Ólafsdóttir	36.000
6 210476-3779	Sólver Sólversson	36.000
7 180245-4999	Símon I. Kjærnested	36.000
8 250266-5219	Gréta Ingbórsdóttir	36.000
9 081056-6179	Erlendur Magnússon	36.000
10 080966-4749	Tanya Zharov	36.000
11 291265-3249	Edda Rós Karlsdóttir	36.000
12 211152-3899	Kristinn Guðjónsson	36.000
13 020824-4769	Gísli Kristjánsson	36.000
14 290381-3989	Gísli Kristjánsson	36.000
15 210291-2109	Eydís Rún Jónsdóttir	36.000
16 240849-4379	Anna Karlsdóttir	36.000
17 251257-5159	Martha Eiríksdóttir	36.000
18 240748-3639	Sigrún Jörundsóttir	36.000
19 291060-4479	Edda Pétursdóttir	36.000
20 121049-3419	Arnbjörg Jóhannsdóttir	36.000
21 170863-2249	Jóna Fanney Friðriksdóttir	36.000
22 061053-3609	Ásdís Björgvinsdóttir	36.000
23 160456-2139	Kristján Gíslason	36.000
24 130451-2689	Lára V. Júlíusdóttir	36.000
25 140972-3129	Guðrún Björk Bjarnadóttir	36.000
26 301164-4759	Linda Bentsdóttir	36.000

4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar.

Tilgangur stofnunarinnar er að mynda vettvang og sjóð sem getur:

- i. styrkt nemendur og fjölskyldur til þátttöku í nemendaskiptum AFS á Íslandi,
- ii. styrkt rannsóknir á samskiptum fólks af ólíkum menningaruppruna,
- iii. styrkt verkefni sem hafa það að markmiði að stuðla að nemendaskiptum og auka menningarskilning fólks af ólíkum menningaruppruna.

5. gr.

Fulltrúaráð.

Stofnsett skal fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar og skal það skipað hollvinum hennar.

Hollvinir stofnunarinnar eru þeir félagar sem lagt hafa stofnuninni til stofnframlag eða sambærilegt framlag síðar. Hollvinir verða að vera félagar í samtökunum AFS á Íslandi. Hollvinir skulu greiða árgjald til stofnunarinnar skv. ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs. Greiði hollvinur ekki árgjald í tvö ár samfellt telst hann ekki lengur til hollvina.

Aðalfundur fulltrúaráðs getur samþykkt nýja hollvini eftir stofnun stofnunarinnar og skulu þeir þá leggja henni til fjárframlag sambærilegt stofnframlagi einstaklinga að raunvirði. Skal aðalfundur fulltrúaráðs ákvarða fjárframlagið árlega.

Fulltrúaráðinu er fengið það hlutverk með þessari skipulagsskrá, að kjósa stjórn stofnunarinnar og hafa eftirlit með störfum hennar.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn úr röðum hollvina. Tveir stjórnarmanna eru kjörnir á aðalfundi fulltrúaráðsins til tveggja ára í senn. Á fyrsta aðalfundi fulltrúaráðsins skal þó annar stjórnarmanna kjörinn til eins árs og hinn til tveggja ára. Þriðji stjórnarmaðurinn er tilnefndur af stjórn AFS á Íslandi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Víki kjörinn stjórnarmaður úr stjórn áður en kjörtímabili er lokið geta þeir stjórnarmenn sem eftir sitja kallað annan hollvin til setu í stjórninni í hans stað fram að næsta aðalfundi fulltrúaráðs sem þá skal kjósa nýjan stjórnarmann til setu út viðkomandi kjörtímabil. Víki stjórnarmaður tilnefndur af stjórn AFS á Íslandi úr stjórn áður en kjörtímabili er lokið skal stjórn AFS á Íslandi tilnefna nýjan stjórnarmann í hans stað.

Helsta hlutverk stjórnar er að móta fjárfestingastefnu stofnunarinnar og fylgjast með framkvæmd hennar. Stjórn er heimilt að gera samninga við viðurkennt fjármálafyrirtæki um að taka að sér fjárvörslu stofnunarinnar og fela þriðja aðila að annast bókhald og fjárreiður.

7. gr.

Aðalfundur fulltrúaráðs.

Aðalfundur fulltrúaráðsins skal haldinn árlega og skal hann haldinn á fyrsta ársfjórðungi ár hvert nema sérstakar ástæður hamli því. Rétt til setu á aðalfundi og atkvæðisrétt á fundinum eiga hollvinir. Stjórn AFS á Íslandi og framkvæmdastjóra samtakanna er heimilt að sitja fundinn án atkvæðisréttar.

Á aðalfundi skal taka eftirfarandi til afgreiðslu:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi stofnunarinnar síðastliðið starfsár sem innihalda skal upplýsingar um styrkveitingar hennar.
2. Ársreikningur stofnunarinnar fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
3. Tillaga stjórnar um fjárfestingastefnu stofnunarinnar lögð fram til staðfestingar.
4. Tillaga stjórnar um hverjir skuli bætast í hóp hollvina lögð fram til staðfestingar.
5. Tillaga stjórnar um árgjald hollvina á komandi rekstrarári lögð fram til staðfestingar.
6. Kosning stjórnarmanna.
7. Kosning löggilts endurskoðanda.

Önnur mál sem aðalfundi er falið að taka ákvörðun um samkvæmt skipulagsskrá þessari eða sem borin hafa verið löglega fram eða fundurinn samþykkt að taka til meðferðar.

8. gr.

Úthlutun styrkja.

Stjórn stofnunarinnar skal móta stefnu og setja almennar reglur um styrkveitingar hennar. Skulu reglur þessar lagðar fyrir aðalfund fulltrúaráðs til staðfestingar og skal aðalfundur samþykkja breytingar á þeim.

Hinar almennu reglur um styrkveitingar stofnunarinnar skulu taka mið af því að tilgangur styrkveitinganna skal aðallega vera að aðstoða nemendur frá efnaminni heimilum til að taka þátt í nemendaskiptum á vegum AFS á Íslandi. Heimilt er þó einnig að veita styrki til verðandi skiptinema sem hafa sýnt afbragðs árangur á ýmsum sviðum, s.s. í námi, listum eða íþróttum. Þá skal einnig vera heimilt að veita styrki til nemendaskipta í tilteknum löndum til að auka nemendaskipti við viðkomandi lönd. Heimilt er einnig að styrkja erlenda nema sem vilja komast í nemendaskipti til Íslands.

Stofnunin úthlutar eigi sjaldnar en árlega að fengnum umsóknum hverju sinni, en er jafnframt heimilt að úthluta oftari ef þurfa þykir.

9. gr.

Ávöxtun fjár.

Ávaxta skal fé stofnunarinnar í samræmi við fjárfestingastefnu hennar sem aðalfundur skal staðfesta árlega. Fjárfestingastefnan skal miðast við að ná fram dreifingu á áhættu. Stofnuninni er óheimilt að fjárfesta í óskráðum verðbréfum, veita lán til annarra aðila en AFS á Íslandi (innlán í bönkum teljast ekki til lánveitinga), gangast í ábyrgð fyrir skuldbindingum þriðja aðila eða veðsetja eigur sínar vegna skuldbindinga þriðja aðila. Óheimilt er að úthluta styrkjum leiði slíkt til þess að höfuðstóll stofnunarinnar skerðist niður fyrir raungildi höfuðstóls á staðfestingardegi.

10. gr.

Endurskoðun.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Reikningar hennar skulu kannaðir árlega af lög-giltum endurskoðanda. Fyrsta reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið 2013.

11. gr.

Tekjur stofnunarinnar.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a) arður af stofnsjóði, þar með taldar vaxtatekjur, verðbætur, arður af hlutabréfum og gengishagnaður af verðbréfum að frádregnu gengistapi á verðbréfum og afdráttarsköttum;
- b) árlegt framlag AFS á Íslandi til stofnunarinnar;
- c) árgjald hollvina;
- d) gjafir og önnur frjáls framlög til styrktar stofnuninni.

12. gr.

Framlag AFS á Íslandi.

Stofnunin skal gera samstarfssamning við AFS á Íslandi þar sem kveðið skal á um að skrifstofa AFS á Íslandi skuli veita stofnuninni almenna skrifstofuþjónustu. Þá getur stjórn stofnunarinnar í slíkum samningi falið AFS á Íslandi að annast kynningu á styrkjamöguleikum stofnunarinnar gagnvart umsækjendum og taka við umsóknum um framlög frá stofnuninni.

13. gr.

Slit Hollvina AFS á Íslandi.

Taki aðalfundur fulltrúaráðs ákvörðun um að slíta stofnuninni skal fjármunum hennar úthlutað til samtaka er stuðla að nemendaskiptum og auknum menningarskilningi fólks af ólíkum menningaruppruna. Séu slík samtök ekki starfandi skal fjármunum stofnunarinnar varið til verkefna er tengjast alþjóðasamskiptum og menntun ungs fólks. Skal stjórn stofnunarinnar þá gera áætlun um og samþykkja úthlutun fjármuna hennar og leggja áætlunina síðan fyrir aukafund fulltrúaráðs stofnunarinnar til endanlegrar samþykktar.

14. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari skal einungis breytt ef nauðsyn krefur til að ná markmiðum stofnunarinnar eða svipuðum markmiðum og skal þess gætt að fara eftir óskum stofnenda svo sem unnt er. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þarf að samþykkja og leggja fram af stjórn stofnunarinnar sex vikum fyrir aðalfund fulltrúaráðs og þarf samþykki allra stjórnarmanna til þess að hægt sé að leggja fram breytingatillögu. A.m.k. 80% atkvæðisbærra fundarmanna á aðalfundi þarf til þess að samþykkja breytingar á skipulagsskrá. Um breytingar á skipulagsskrá þessari, sameiningu eða niðurfellingu stofnunarinnar fer að öðru leyti að lögum.

15. gr.

Staðfesting skipulagsskrár.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Ákvæði til bráðabirgða.

AFS á Íslandi skal tilnefna í fyrstu stjórn stofnunarinnar svo skjótt sem auðið er eftir að skipulagsskrá þessi hefur verið staðfest og gildir umboð þeirra til aðalfundar fulltrúaráðs 2014 þar sem stjórn skal kjörin í samræmi við 5. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 10. desember 2013.

Bjarni Stefánsson.

Lára Kristín Gísladóttir.